

Miðvikudaginn 23. febrúar 1949.

Nr. 17/1948. **Landssmiðjan** (Magnús Thorlacius)
 gegn
Júlíusi Þórðarsyni (Gunnar Þorsteinsson).

Um ábyrgð stjórnanda í samvinnufélagi á skuld þess.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. febrúar f. á., skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. s. m. Krefst hann þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 15.499.31 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. nóvember 1945 til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 600.00 með vöxtum, eins og áður greinir. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins. Til vara gerir stefndi þá kröfu, að honum verði einungis dæmt að greiða kr. 600.00 og að málskostnaður verði þá látinn falla niður. Til þrautavara krefst stefndi þess, að krafa áfrýjanda verði lækkuð í kr. 13.374.06.

Samkvæmt skýrslum þeim, sem fram hafa komið í málinu, þykir verða að leggja til grundvallar, að fyrirsvarsmaður áfrýjanda hafi, er samið var um smíði olúgeymanna, mátt gera ráð fyrir, að Olíusamlag Akraness væri félag með takmarkaðri ábyrgð. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að framkvæmdastjóri og formaður samlagsins, Gunnlaugur Jónsson, hafi ekki haft heimild eða umboð til þess fyrir félagsins hönd að gera kaup þau, sem mál þetta er risið af. Aðrir stjórnendur félagsins, þ. á m. stefndi, hreyfðu engum andmælum, er geymarnir komu til Akraness, en miða verður við, að þeir hafi eigi síðar en um það leyti fengið vitneskju um viðskipti þessi. Varð félagið þegar af þessari ástæðu bundið við kaupin.

Þegar virt er það, sem að framan er rakið, þykir stefndi að svo vöxnu máli eigi bera ábyrgð á kröfu áfrýjanda, þótt

tilkynning um skrásetningu félagsins hefði eigi verið birt, er smíði geymanna og kaup á þeim voru ráðin.

Samkvæmt gögnum málsins og flutningi þess hér fyrir dómi stóðu 15 aðilar að stofnun Olíusamlags Akraness. Svo sem rakið er í héraðsdómi, skyldi hver þeirra við inngöngu í félagið greiða kr. 300.00 í stofnsjóð þess, er vera skyldi til tryggingar skuldbindingum félagsins auk 300 króna ábyrgðar hvers félagsaðilja. Er fjárnám var gert hjá félaginu hinn 13. október 1945 að tilhlutan áfrýjanda, kom stefndi fyrir fógeta-dóminn af hálfu félagsins. Lýsti stefndi því þá, að félagið ætti eigi aðrar eignir en umrædda olíugeyma. Af hendi stefnda er því haldið fram, að hann og formaður félagsins hafi greitt tilskilin gjöld í stofnsjóð félagsins, en gegn andmælum áfrýjanda verður það eigi talið sannað. Viðurkennt er, að stofnsjóðsgjöld annarra félagsaðilja hafi ekki verið greidd. Meta verður stefnda, sem var í stjórn félagsins, það til vanrækslu, að hann hlutaðist eigi til um innheimtu stofnsjóðsgjaldanna. Ber hann því ábyrgð á skuld félagsins sem stofnsjóðsgjöldum hinna 15 félagsaðilja nemur, auk fyrrgreindrar 300 króna ábyrgðar, að fráðregnum kr. 140.00, sem greiddar voru fyrir skrásetningu félagsins. Áfrýjandi hefur að vísu ekki í flutningi málsins reist kröfur sínar á þeim atvikum, sem nú var lýst, en samkvæmt 113. gr. laga nr. 85/1936 þykir þó rétt að leggja þau til grundvallar úrlausn málsins.

Samkvæmt þessu ber stefnda að greiða áfrýjanda kr. 4660.00 með vöxtum, eins og krafizt er.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1200.00.

Dómsorð:

Stefndi, Júlíus Þórðarson, greiði áfrýjanda, Lands-smiðjunni, kr. 4660.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. nóvember 1945 til greiðsludags og samtals kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. október 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hefur Landssmiðjan hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 24. júní 1946, gegn Júlíusi Þórðarsyni forstjóra, Akranesi, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 15.499.31, með 6% ársvöxtum frá 10. nóvember 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu, en *til vara*, að honum verði aðeins gert að greiða kr. 300.00 af dómkröfum stefnandi. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, sem hér greinir:

Snemma árs 1944 var stofnað á Akranesi samvinnufélagið Olíusamlag Akraness. Voru samþykktir þess dagsettar 9. janúar það ár. Tilgangur félagsins var einkum að útvega félagsmönnum olíur og ná sem hagfelldustum kaupum á þeim. Félag þetta var tilkynnt til samvinnufélagaskrár Akranesskaupstaðar 21. janúar 1944 og skrásett þar sama dag. Jafnframt voru greidd lögboðin skráningargjöld og fjárhæð upp í birtingu tilkynningar um skráninguna í Lögbirtingablaðinu. Sú tilkynning var þó eigi birt fyrr en í 56. tölublaði 39. árgangs Lögbirtingablaðsins, sem út kom 14. nóvember 1946. Samkvæmt ákvæðum í samþykktum félagsins skyldi hver félagi aðeins bera ábyrgð á fjárreiðum þess með stofnsjóðsinnstæðu sinni og þrjú hundruð krónum að auki. Hver félagi skyldi greiða við innngöngu í félagið 10 króna gjald og auk þess 300 krónur í stofnsjóð.

Stefndi var frá upphafi í stjórn félagsins sem meðstjórnandi, en formaður þess og framkvæmdastjóri var Gunnlaugur Jónsson á Akranesi. Hafði hann jafnframt prókúru fyrir félagið, en eigi mun tilkynning um það hafa verið birt fyrr en samtímis tilkynningunni um skráningu félagsins.

Skömmu eftir stofnun félagsins fór nefndur Gunnlaugur Jónsson til Reykjavíkur til að sækja um löggildingu og réttindi til handa félaginu samkvæmt lagaákvæðum um olíusamlög. Átti Gunnlaugur í þessu sambandi tal við þáverandi atvinnumálaráðherra, Vilhjálmi Þór. Kom þeim saman um, að þar sem félagið ætti enga olíugeyma, mundi heppilegast að flytja olíuna á bifreiðum til Akraness og afgreiða hana beint af þeim til bátanna. Gunnlaugur lét þess þá getið við ráðherrann, að hann gæti ekki útvegað bifreiðar með geymum (tankbílum) til að flytja olíuna. Símaði ráðherrann þá í forstjóra stefnandi og bað hann að láta smíða tvo olíugeyma til að hafa á bifreiðar. Tók hann fram, hverjum kostum geymarnir ættu að vera búnir og að þeir þyrftu að afgreiðast fljótt. Í framhaldi af símtali ráðherrans og að hans fyrirlagi átti Gunnlaugur síðan tal við forstjóra stefnandi, og var þar ýmislegt rætt og ákveðið nánar um smíði geymanna. Með bréfi, dags. 22. febrúar, veitti þáverandi atvinnumálaráðherra Olíusamlagi Akraness viðurkenningu á rétti þess til að verzlum með brennsluolíu og gaf því jafnframt heimild til að snúa sér til olíustöðvar bandaríska flotans í Hvalfirði til að fá keyptar olíur. Nokkru síðar eða í marzmánuði 1944 varð þess kostur að fá geyma þá, sem

pantaðir höfðu verið hjá stefnandi, flutta frá Reykjavík til Akraness við tækifærisverði. Voru geymarnir þá fullsmíðaðir og búið að grunnmála þá eða menjubera. Hins vegar vantaði á þá hana og slöngur, sem áttu að fylgja. Gerði nú áðurnefndur Gunnlaugur gangskör að því að fá geymana flutta til Akraness í því ástandi, sem þeir þá voru. Er þangað kom, var hafinn undirbúningur að því hjá vélsmíðju þar að setja þá á bifreiðar. Slöngur þær og hanar, sem áður um getur, voru send síðar til Akraness gegn póströfu. Ekki varð þó af því, að sú krafa væri innleyst. Hafði formanni félagsins verið tilkynnt af atvinnumálaráðherra, áður en krafan barst, að ekki gæti orðið neitt af oliukaupum félagsins í Hvalfirði.

Með stefnu, út gefinni 6. júní 1945, höfðaði stefnandi máls þessa mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Olíusamlagi Akraness til greiðslu skuldar fyrir smíði á margnefndum geymum, að fjárhæð kr. 19.884.52. Stefnda lét ekki sækja þing í því máli, og var því með dómi bæjarþingsins, upp kveðnum 7. júlí 1945, gert að greiða stefnandi dómkröfuna ásamt 6% ársvöxtum frá 6. júní 1945 til greiðsludags og kr. 1400.00 í málskostnað.

Hinn 13. október 1945 var gert fjárnám í eignum olíusamlagsins til fullnustu á dómskuld þessari. Við þá gjörð mætti stefndi í máli þessu fyrir félagsins hönd. Visaði hann á olíugeymana sem einu eignir félagsins, og voru þeir teknir fjárnámi og síðar seldir á opinberu uppboði 10. nóv. 1945. Nam uppboðsandríði þeirra kr. 6649.50. Er dómkrafa stefnandi mismunur þessarar fjárhæðar og dómskuldarinnar, eins og stefnandi telur hana hafa verið á uppboðsdegi.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að Gunnlaugur Jónsson hafi pantað margnefnda geyma fyrir hönd Olíusamlags Akraness, meðan hann var formaður og framkvæmdastjóri þess félags og hafði jafnframt prókúru fyrir það. Á þeim tíma hafi fyrirsvarsmönnum stefnandi verið ókunnugt um, að ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum þess væri takmörkuð við ákveðna fjárhæð. Þar sem lögboðin birting á skráningu félagsins hafi ekki farið fram fyrr en löngu síðar, eftir að mál þetta var höfðað, leiði af ákvæðum 17. gr. sbr. 2. mgr. 9. greinar samvinnufélagalaganna, nr. 46 frá 1937, að stjórn félagsins, þar á meðal stefndi, verði allir persónulega ábyrgir fyrir þeim löggerningum, sem þeir geri eða löglega eru gerðir fyrir félagsins hönd. Nú sé úr því skorið með dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 7. júlí 1945, að Olíusamlag Akraness skuldi stefnandi fjárhæð, sem nemur dómkröfu máls þessa, og þar sem sannað sé með fjárnámsgerð, árangurslausri að nokkrum hluta, að félagið sé með öllu ógjaldfært, þá sé heimilt að heimta skuld þessa úr hendi stefnda.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að hann verði ekki gerður ábyrgur fyrir dómkröfum stefnandi þegar af þeirri ástæðu, að aldrei hafi verið stofnað til skuldar þessarar í nafni eða fyrir Olíusamlag Akraness. Telur hann fyrrverandi atvinnumálaráðherra hafa staðið fyrir pöntun geymanna. Ráðherrann hafi ekki gert það vegna Olíusamlagsins, heldur muni hér vera um að ræða embættisráðstöfun af hans hálfu. Hefur stefndi mótmælt, að framangreindur bæjarþingsdómur verði lagður til

grundvallar í máli þessu um greiðsluskyldu Olíusamlagsins, þar sem ekki hafi verið sótt þing af þess hálfu í því máli og varnir því ekki hafðar uppi.

Svo sem áður greinir, var Olíusamlag Akraness með dómi bæjarþings Reykjavíkur 7. júlí 1945 dæmt til að greiða stefnandi andvirði olíugeymanna. Dómi þessum hefur ekki verið áfrýjað, og verður hann að teljast bindandi, að því er varðar skuld Olíusamlags Akraness við stefnandi. Verður sýknukrafa stefnda því ekki byggð á áðurgreindri varnarástæðu.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að samkvæmt samþykktum Olíusamlags Akraness beri hann ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum þess félags með hærri fjárhæð en kr. 300.00 auk stofnsjóðsinnstæðu sinnar. Telur hann þetta ákvæði samþykktanna vera ákvarðandi um ábyrgð sína, enda hafi félagið verið skrásett í samvinnufélagaskrá innan lögmæltis tíma og áður en samið var við stefnandi. Af hálfu stefnda er því eindregið mótmælt, að hann hafi persónulega átt nokkurn þátt í kaupunum á olíugeymunum eða um þau vitað fyrr en löngu eftir, að þau voru um garð gengin. Enn fremur hefur stefndi mótmælt því, að Gunnlaugur Jónsson hafi haft umboð eða heimild félagsstjórnarinnar til að kaupa margnefnda geyma.

Loks hefur stefndi sérstaklega mótmælt vaxtakröfu stefnandi, bæði að því er vaxtahæð og vaxtatíma varðar.

Upp er komið í málinu, að Olíusamlag Akraness var tilkynnt til samvinnufélagaskrár Akraness og skrásett innan lögmæltis tíma samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 46 frá 1937. Þá voru einnig greidd venjuleg skráningargjöld. Eins og að framan greinir, varð hins vegar ekki af birtingu tilkynningar um skráninguna í Lögbirtingablaðinu fyrr en 14. nóvember f. á. Í 17. gr. nefndra laga segir svo: „Nú hefur lögskipuð birting eigi fram farið, og hefur skrásetningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum en þeim, er sannanlega höfðu vitneskju um hana.“ Gegn eindregnum mótmælum af hendi stefnandi er ósannað, að forsvarsmönnum hennar hafi orðið kunnugt um skrásetningu þessa fyrr en undir rekstri máls þessa. Verður skrásetningin því eigi talin hafa þýðingu gagnvart stefnandi, að því er þau skipti varðar, sem hér um ræðir. Í 2. málsg. 9. gr. nefndra laga segir svo: „Í félagi, sem ekki er skrásett, bera stjórnendur þess eða félagsmenn sem einstaklingar ábyrgð á þeim skuldbindingum, er þeir gera fyrir félagsins hönd.“ Gegn eindregnum mótmælum stefnda er ósannað, að hann hafi átt nokkurn þátt í kaupum á geymum þeim, sem framangreind krafa er risin af, enda hníga allar upplýsingar í þá átt, að Gunnlaugur Jónsson hafi einn af stjórnendum Olíusamlags Akraness fjallað um þau mál.

Þar sem afstaða stefnda var slík, verður ekki talið, að fullnægt sé, að því er hann varðar, skilyrðum þeim til persónulegrar ábyrgðar stjórnanda, sem sett eru í 2. mgr. 9. gr. nefndra laga. Verður greiðsluskylda stefnda því eigi á þessu byggð.

Samkvæmt ákvæðum 3. gr. í samþykktum Olíusamlags Akraness ber

hver félagsmaður ábyrgð á skuldbindingum félagsins með kr. 300.00 auk stofnsjóðsinnstæðu sinnar. Einstakir félagsmenn verða þó eigi krafðir um greiðslu á skuldum félagsins, fyrr en sannað er, að félagið geti ekki greitt skuldina sjálf.

Óvæfengt er, að Olíusamlag Akraness er ógjaldfært með öllu. Er því heimilt samkvæmt framangreindu ákvæði í samþykktum þess að heimta af stefnda þann hluta af skuldum þess, sem hann kann að þessu leyti að vera persónulega ábyrgur fyrir. Ekki er annað leitt í ljós en stefndi hafi staðið félaginu full skil á stofnsjóðsgjaldi sínu. Verður honum því aðeins gert að greiða stefnandi þær kr. 300.00, sem hann ábyrgist, auk stofnsjóðsgjaldsins, enda er því ekki haldið fram, að hann hafi áður innt ábyrgðarfjárhæð þessa af hendi.

Með vísan til ákvæða 5. gr. laga nr. 73 frá 1933 ber að dæma stefnda til að greiða 6% ársvexti af hinn dæmdu fjárhæð. Vexti þessa ber honum að greiða frá stefnudegi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Júlíus Þórðarson, greiði stefnandi, Landssmiðjunni, kr. 300.00 með 6% ársvöxtum frá 24. júní 1946 til greiðsludags innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 25. febrúar 1949.

Nr. 35/1948. **Magnús Thorlacius** (sjálfur)

gegn

Snæbirni Guðmundssyni og gagnsök

(Ragnar Jónsson).

Málflutningsþóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. apríl f. á., og krefst hann þess, að aðalstefnda verði dæmt að greiða honum kr. 8407.85 með 6% ársvöxtum frá 21. marz 1946 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.